

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Holtahverfis á Húsavík, Norðurþingi.

Á fundi byggðarráðs í umboði sveitarstjórnar Norðurþings sem haldinn var 17. ágúst 2007 var samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir Holtahverfi á Húsavík. Deiliskipulag þetta kemur í stað skipulagstillögu sem samþykkt var í bæjarstjórn Húsavíkurbæjar árið 2000 en tók aldrei formlega gildi.

Skipulagssvæðið afmarkast af þjóðvegi nr. 85 að vestan, Þverholti að norðan, útivistarsvæði að Þorvaldsstaðaá að sunnan og brekkufæti neðan Brúnagerðis að austan. Svæðið er að mestu leyti þegar byggt.

Deiliskipulag þetta var auglýst skv. ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Húsavík, 23. ágúst 2007.*

**Gaukur Hjartarson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. október 2007